

**Sp.**

## **61. Tillaga til þingsályktunar**

**[53. mál]**

um tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við vegamálastjóra athuga nýjar tegundir samgöngutækja til samgangna um torfærur á landi með hliðsjón af reynslu, sem fengin er af slíkum tækjum erlendis. Síðan skal gera tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu, ef ætla má að athugun lokinni, að þau muni reynast hæf til samgöngubóta þar.

Kostnaður, sem leiðir af athugun þessari og tilraunum með ný samgöngutæki, greiðist úr ríkissjóði.

### **Greinargerð.**

Samgöngur eru lífæð hverrar byggðar. Atvinnulífið á hverjum stað og aðstaða manna í lífsbaráttunni er háð samgönguskilyrðum. Á hverju ári er varið háum fjárhæðum af hálfu ríkisins til samgöngumála, og hefur það í för með sér miklar framkvæmdir og örar til að bæta samgöngur á landi, sjó og í lofti. Fjárframlög nægðu þó ekki til framfara á þessu sviði, ef gerð samgöngutækja stæði í stað. Það hefur valdið miklu um framfarir í samgöngumálum, að ný samgöngutæki og fullkomnari en hin eldri ryðja sér til rúms. Er það nauðsynlegur þáttur í framförum og við lausn erfiðra viðfangsefna í samgöngumálum að athuga sem bezt nýjungar, sem eiga sér stað í gerð samgöngutækja, og hagnýta þá reynslu, er þannig fæst. Kostað er kapps um að gera þjóðvegina sem bezt úr garði og spenna vegakerfið um landið. Akfært er orðið, þegar snjólaust er, af Suðurlandi og umhverfis landið norðan og austan til Hornafjarðar. En eyðisandar Skaftafellssýslu reynast þröskuldur, sem erfitt er yfir að stíga, á leiðinni umhverfis landið. Þó er kleift að ryðja hindruninni úr vegi á Breiðamerkursandi með því að ráðast þar í brúargerðir. En litlar líkur eru til þess, að byggðar verði brýr yfir Skeiðará og Núpsvötn, þar sem ekki verður séð, að brýr gætu staðizt hamfarir jökulhlaupanna, sem brjótast fram Skeiðarársand að jafnaði á fimm til tíu ára fresti. Því fremur ber nauðsyn til, að haft sé vakandi auga á því, hvort ný tæki ryðja sér til rúms erlendis, sem ætla má að séu hæf til öruggra ferða yfir eyðisanda Skaftafellssýslu, og að tilraunir verði þá gerðar með slík tæki.

Frá því hefur verið skýrt í timaritum, að í Bandaríkjunum séu nú smíðuð ökutæki af nýrri gerð, og eru þau í Ameríku nefnd rolligon. Þetta er talin merkileg nýjung í samgöngutækni. Ökutæki þessi munu vera svipuð að gerð og vöruflutningabifreiðar, en hjól þeirra þó vera mjög frábrugðin bifreiðahjólum og beltum dráttarvéla. Hjólin munu líkjast belgjum og hafa mjög stórt yfirborð í hlutfalli við þyngd ökutækisins. Reynsla mun fengin fyrir því erlendis, að aka má þessum tækjum eftir lausum snjó, blautum sandi og fenjamýrum.

Með tillögu þessari er að því stefnt, að þetta farartæki verði athugað, jafnframt öðrum nýjungum í gerð samgöngutækja, með sérstöku tilliti til samgangna í Skaftafellssýslu.